

Nd.

67. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr ríkissjóði allt að 1000000.00 kr.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2000000.00 kr. lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að sú ein breyting verði gerð á hafnarlögum fyrir Hafnarfjörð, að framlag ríkissjóðs og ábyrgðarheimild vegna hafnargerðar þar verði þrefölduð, framlagið hækkað úr 333000.00 kr. í 1000000.00 kr. og ábyrgðarheimildin hækkuð úr 667000.00 kr. í 2000000.00 kr.

Þegar hafnarlögin voru sett, árið 1929, var gert ráð fyrir aðeins einum hafnargarði til skjóls frá suðurlandinu og innsiglingu milli norðurenda hans og lands. Var garður þessi þá áætlaður um kr. 1000000.00 og hafnarlögin miðuð við þá upphæð. Við síðari athuganir kom í ljós, að heppilegra mundi vera að hafa garðana tvo, og hefur nú verið ákveðið að byggja þá svo. Snemma á síðastliðnu ári var hafizt handa á hafnarargerðinni. Var byrjað á norðurgarðinum, og hefur verið unnið við hann síðan. Garðurinn er nú kominn um 165 m fram og hefur kostað um 800000.00 kr., eftir því sem næst verður komizt. Vantar enn 85 m á, að garðurinn nái 250 m lengd, eins og upphaflega var áætlað, og með núverandi verðlagi má ætla, að hann kosti þá allur fullbyggður um 1,5 millj. kr. Er þá suðurgarðurinn eftir, en gert hefur verið ráð fyrir, að hann kostaði svipaða upphæð og norðurgarðurinn.

Nokkuð af hækkun þessari stafar, eins og vænta má, af hinni almennu verðhækkun, en að nokkru leyti stafar hækkunin af því, að garðarnir hafa nú verið ákveðnir tveir, í stað eins áður, sem að visu var áætlaður lengri en hvor þessara um sig, en hins vegar styttri en þeir báðir til samans.

Þó að skjólgarðar þessir verði byggðir, er samt langt frá, að hafnarbyggingu í Hafnarfirði sé þar með lokið. Innri hafnarvirki, svo sem bátahöfn, aukið legupláss fyrir stærri skip og dýpkun á nokkrum hluta hafnarsvæðisins, eru mál, sem bíða úrlausnar.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt einróma tilmælum hafnarnefndar Hafnarfjarðar.